

143. löggjafarþing 2013–2014.  
59. mál.

## Umsögn

um skýrslu  
ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu.

Frá efnahags- og viðskiptanefnd.

Við er til beiðni frá atvinnuveganefnd þar sem óskað er eftir umsögn efnahags- og viðskiptanefndar um skýrslu ráðgjafarhóps um raforkustreng til Evrópu, mál nr. 59.

Efnahags- og viðskiptanefnd hefur fjallað um þá þætti skýrslunnar sem eru á málefnasviði nefndarinnar og fengið á sinn fund Hörð Arnarsson og Björgvin Skúla Sigurðsson frá Landsvirkjun, Hannes G. Sigurðsson frá Samtökum atvinnulífsins, Róbert Farestveit og Kristján Þórð Snæbjarnarson frá Alþýðusambandi Íslands og Bjarni Jónsson frá Sambandi garðyrkjubænda.

Skýrsla um raforkustreng til Evrópu byggist á vinnu ráðgjafarhóps sem þáverandi iðnaðarráðherra skipaði í júní 2012 og var falið að kanna möguleikann á að leggja sæstreng fyrir raforku á milli Íslands og Evrópu. Hópnum var ætlað að greina samfélagsleg og þjóðhagsleg áhrif verkefnisins, tæknileg og umhverfisleg atriði o.fl. Ráðgjafarhópurinn skilaði skýrslu sinni 26. júní sl. Þar kemur fram að hópurinn var sammála í ályktun sinni um að frekari upplýsingar þyrftu að liggja fyrir áður en unnt væri að taka ákvörðun um framhald verkefnisins. Efnahags- og viðskiptanefnd tekur undir þau sjónarmið ráðgjafarhópsins að þýðingarmikil atriði séu enn háð umtalsverðri óvissu. Það er mat nefndarinnar að ýmsar forsendur þurfi að afmarka betur með frekari rannsóknum og viðræðum við mögulega samningsaðila til að hægt sé að byggja upp áreiðanlegt reiknilíkan fyrir þjóðhagslega arðsemi verkefnisins, forsendur eins og orkuverð, orkumagn, lengd samninga og eignarhald. Með sama hætti er unnt að vinna frekar með útkomur úr því reiknilíkani, til að mynda um áætluð áhrif á orkuverð innan lands, hugsanleg ruðningsáhrif, aukningu þjóðartekna o.fl. eins og fram kemur í skýrslunni.

Nefndin telur rétt að möguleikar á lagningu raforkustrengs til Evrópu verði kannaðir frekar með þjóðhagsleg sjónarmið að leiðarljósi. Eftir umfjöllun í nefndinni með sérstakri hliðsjón af málefnasviði hennar telur nefndin mikilvægt áður en lagst verður í miklar fjárfestingar til rannsókna, að reynt verði að þröngja óvissuþættina sem enn eru til staðar og raktir eru í skýrslu ráðgjafarhópsins. Leitast verði við að svara spurningum sem snúa að arðsemismati verkefnisins auk þess að horft verði til framkvæmdaáhættu og rekstraráhættu sem tengjast framkvæmd og fjármögnun verkefnisins.

Nefndin áréttar einnig mikilvægi þess að greiningu á þjóðhagslegri hagkvæmni verkefnisins verði fram haldið til að hægt verði að taka ígrundaðar ákvarðanir þegar áreiðanlegar upplýsingar um alla þætti liggja fyrir, því eins og fram kemur í skýrslu ráðgjafarhópsins er ekki unnt að fullyrða um þjóðhagslega hagkvæmni þess að leggja sæstrenginn á þessu stigi málsins. Nefndin leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að könnuð verði áhrif lagningar raforkustrengs til landsins á innlendan raforkumarkað og orkufrekan iðnað hér á landi.

Nefndin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í skýrslu ráðgjafarhópsins um að áfram verði haldið að kortleggja allar hliðar verkefnisins hér innan lands sem og það sem snýr að erlendum aðilum.

Alþingi 11. desember 2013

Frosti Sigurjónsson, form.  
Pétur H. Blöndal.  
Steingrímur J. Sigfússon.  
Guðmundur Steingrímsson.  
Árni Páll Árnason.  
Ragnheiður Ríkharðsdóttir.  
Vilhjálmur Bjarnason með fyrirvara,  
Jón Þór Ólafsson.